

Nemendaráðsfundur 25.sept. 2025

Mættir eru : Natallía Kristín, Kári Stefan, Sandra Lind, Arnar Leví, Óskar Elí og Ívar Enok.

Fundur settur kl 13:00

- Almenn fundarstörf kynnt
- Fundargerðir síðusta skólaárs lesnar og ræddar.
- Hlutverk formanns og ritara rædd, Ívar Enok bauð sig fram sem formann en engin vildi bjóða sig fram til að vera ritari. Umsjónarmaður (Jórunn) tók að sér að rita fundinn.
- Ívar kemur með tillögu um að hafa nemendakaffi á miðstigi 2x í mánuði. Unglingastigi finnst nóg að vera með nemendakaffi 1x í mánaði.
- Hugmyndakassinn ræddur. Ákveðið var að ganga aftur í bekk og minna á hugmyndakassann. Nemendaráðið vill að gerðir séu 2 nýjir kassar svo hægt sé að vera með sér hugmyndakassa á hverju stigi.

Tillögur að úrbótum í skólanum:

- Nemendaráði finnst mikilvægt að rennurnar fyrir ofan miðstigsinnganginn séu lagaðar. Þau nefna að það sé mjög þreytandi að labba þar þegar það er rigning.
- Tilaga um að gert sé skýli fyrir hjól, rafmagnshjól og vespur svo rigni ekki á þau. Önnur tillaga að vespur fái sér merkt 1-2 bílstæði á bílplaninu við fótoltavöllinn. Natallía vill einnig að það sé sett upp skylti hjá vespunum þar sem stendur “ Bannað að fíkta”.
- Umræður um lokaða/ læsta skápa fyrir nemendur. Allir eru sammála um að miðstigi og unglingastigi vilji skápa fyrir útiföt og persónulegar eigur.

- Áframhaldandi umræða um útrásarherbergi í skólanum (kom fram í fundargerð síðasta skólaárs). Nemendaráð vill spyrja nemendur hvort þeir myndu nota svoleiðis ef það væri í boði.

Tillögur að viðburðum og aðrar tillögur

- Natalia nefnir nemendapeysur, nemendum á unglingastigi langar að panta peysur. Ræddum hver ætti að greiða fyrir peysurnar eða hvernig ætti að fjármagna þær, það kom engin niðurstaða út því.
- Umræður um Halloween party í október en ekki á Halloween daginn sjálfan.
- Tillaga um kósýdag í nóvember, nemendur fá að mæta í náttfötum, fá popp og djús í skólanum og horfa á mynd. Öll sammála um að hafa það á föstudegi helst eftir frímínútur/ nesti.
- Í fundargerð 8. nóvember 2024, þá kom fram hugmynd að kennarar myndu bjóða nemendum upp á vöflur með Nutella, sultu og rjóma ásamt heitu kakói. Nemendaráð vill endilega að kennarar bjóði í jólavöflukaffi í desember.
- Nemendaráð vill leggja til að nemendur fái sjálfir að koma með gjafir á litlu jólnum, þeim hefur fundist gjafir síðustu ára mjög óspennandi.
- Óskar og Ívar vilja ræða við kennara á miðstigi hvort að það sé hægt að hafa “ leyninemanda” og safna stigum fyrir eitthverju sem þeim langar að gera. T.d. koma með sætt nesti eða annað í þá áttina. Unglingastig hefur ekki áhuga á þessu.
- Árshátíð unglingastigs rædd. Þau langar að halda árshátíð, þar sem allir klæða sig upp, fá kvöldmat og nasl. Þau vilja mikla dagsskrá, nefndu t.d. stóladans og stoppdans svo engum leiðist. Miðstig vill líka árshátíð/ ball.

Fundi slitið kl 13:45